

voru þá tæplega orðin kunn almenningi, — að verðsamanburðurinn í nefndri grein er að eins að litlu leyti rangur, — að framkvæmdarstjóri Kaupfélags Þingeyinga bauðst til að leiðrétta það, sem rangt kynni að vera í greininni, — þykir refsing kærðu stjórnar, sem ekki hefir áður sætt ákæru eða refsingu, hæfilega ákveðin 300 kr. sekt í rikissjóð, er greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með 18 daga einföldu fangelsi.

Hinsvegar verður ekki á það fallið, eftir því sem fram hefir komið í prófum þessa máls, að kærandi hafi beðið tjón sökum nefndrar greinar í „Boðbera K. Þ.“, svo ástæða þyki til að dæma honum skaðabætur samkv. 16. gr. oftnefndra laga nr. 84, 1933, og ber því að sýkna kærða af þessari kröfu kæranda. — Kostnað sakarinnar í héraði greiði kærði.

Dómarinn viðurkennir það og biður velvirðingar á því, að á uppkvaðningu dóms þessa hefir orðið alllangur dráttur, sem sumpart stafar af fjarveru dómarans síðustu mánuði ársins 1934, sumpart af annriki eftir heimkomuna, og sér í lagi af því, að hér var um framkvæmd og skilning nýrrar lagasetningar að ræða, sem dómarinn helst hefði kosið að sjá hæstarétt skýra, ef þess væri kostur, áður en þessi dómur gengi.

Mánudaginn 26. apríl 1937.

Nr. 128/1936. Réttvísing og valdstjórnin

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Ingimar Bjarnasyni, Einari Steindórsyni, Kristjáni Jónssyni, Sigurjóni Jónssyni, Guðmundi Einari Einarsyni, Hannesi Kjartanssyni og Sigurði Benjamínssyni (Jón Ásbjörnsson).

Hreppsnefndarmenn sýknaðir af ákæru fyrir brot gegn 13. kap. hegningarlaganna og lögum nr. 18 frá 1934, sbr. lög nr. 28 frá 1915.

Dómur aukaréttar Ísafjarðarsýslu 24. apríl 1936: Hinir ákærðu, Ingimar Bjarnason, Einar Steindórsson, Kristján Jónsson, Sigurjón Jónsson, Guðmundur Einar Einarsson, Hannes Kjartansson og Sigurður Benjamínsson, skulu vera sýknir af kæru réttvisinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun til cand. jur. Auðar Auðuns, kr. 90.00.

Dómur hæstaréttar.

Það verður nú að vísu að líta svo á, að þeir Eggert Halldórsson og Hálf dán Hálf dánarson hafi firrt sig kosningarrétti við kosningar til alþingis með verknaði þeim, sem þeir voru dæmdir til refsingar fyrir með dómi hæstaréttar, uppkveðnum 15. des. 1930, en þrátt fyrir að ákvörðun um töku manna þessara á kjörskrá þannig var röng, þykir þó varhugavert að fullyrða, að hún hafi verið framkvæmd gegn betri vitund eða vegna slíkrar vanrækslu, að varða eigi hina ákærðu í máli þessu refsíabyrgð. Það ber því að sýkna hina ákærðu, eins og gert er í hinum áfrýjaða dómi, svo og að staðfesta ákvæði hans um greiðslu sakarkostnaðar í héraði.

Eftir þessum úrslitum ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 150.00 til hvors.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allan áfrýjunarkostnað sakarinnar ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Stef-

áns Jóhanns Stefánssonar og Jóns Ásbjörns-
sonar, kr. 150.00 til hvors.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er samkvæmt fyrir mælum dómsmálaráðu-
neytisins af réttvisinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað
gegn Ingimar Bjarnasyni, oddvita, Einari Steindórssyni,
kaupmanni, Kristjáni Jónssyni, skólastjóra, Sigurjóni Jóns-
syni, verkamanni, Guðmundi Einari Einarssyni, fiskimats-
manni, Hannesi Kjartanssyni, búfræðing, Hrauni, öllum til
heimilis í Hnífsdal, og Sigurði Benjamínssyni, verkamanni,
Sílfurgötu 11, Ísafirði, fyrir brot gegn 13. kapitula hinna
almennu hegningarlaga og lögum nr. 18. frá 1934 sbr. lög
nr. 28 frá 1915. Ákærðir hafa allir náð lögaldri sakamanna
og hafa aldrei fyrr sætt refsingu eða ákæru.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina, og eru þeir við-
urkenndir af ákærðum og upplýstir á annan hátt:

Með dómi hæstaréttar 15. desember 1930 voru þeir Hálf-
dán Hálfðánarson, Búð, Hnífsdal, og Eggert Halldórsson,
sama stað, dæmdir til fangelsisrefsingar fyrir atkvæða-
fölsun við alþingiskosningar, að því er Hálfdán snertir
fyrir brot gegn l. nr. 28, 3. nóv. 1915, 83. gr. 2. mgr.,
sbr. lög nr. 50, 20. júní 1923, 4. gr. 7. mgr. og 10. gr., og
114. gr. 2. mgr. og 55. gr. sbr. 63. gr. hinna almennu
hegningarlaga og Eggert fyrir brot gegn 114. gr. 2. mgr.
sbr. 55. gr. hinna almennu hegningarlaga. Eftir uppkvaðn-
ingu dóms þessa munu þeir Hálfdán og Eggert ekki hafa
verið settir á kjörskrá til alþingiskosninga fyrir árið 1931
og 1932, en hvorki þeir sjálfir né aðrir gerðu þá nokkra
gangskör að því, að þeir yrðu settir á kjörskrá þau ár.

Er farið var að semja kjörskrá fyrir kjörskrárárið
1933—34, vaknaði sú spurning, hvort ekki myndi þó rétt,
að þeir væru settir á kjörskrána. Svo virðist sem oddvitinn
einn hafi að mestu samið kjörskrána það ár og sömuleiðis
1934. Við samningu kjörskrárinnar 1933 kveðst hann hafa
verið í vafa um, hvort þeir Hálfdán og Eggert hefðu kosn-
ingarrétt eða ekki, þ. e. hvort þeir uppfylltu þau skilyrði
stjórnarskrár og kosningarlaga, að þeir eftir uppkvaðning
áðurgreinds hæstaréttardóms teldust hafa óflekkað mann-

orð. Það varð þó úr, að hann setti nöfn þeirra á kjörskrána fyrir það ár, þar sem hann vildi ekki gjöra þeim órétt, ef þeir ættu að vera þar, en ef aftur á móti einhver teldi þá ekki eiga þar að vera, þá hefði sá tækifæri til að kæra þá út af skránni. Allir þáverandi hreppsnefndarmenn í Eyrarhreppi, sem eru ákærðir í máli þessu, rituðu síðan nöfn sín undir kjörskrána, er hún var tilbúin til framlagningar, og bera þeir því allir ábyrgð á henni, þó samning hennar hafi að mestu fallið í oddvitans hlut.

Kjörskrá þessi lá síðan frammi almenningi til sýnis lög-mæltan tíma, og að honum liðnum hafði engin kæra komið fram yfir því, að nöfn þeirra Hálfðánar og Eggerts væru þar. Gengið var síðan frá kjörskránni til fullnustu með nöfnum þeirra Hálfðánar og Eggerts, og var hún þannig notuð við alþingiskosningar það ár.

Er að því kom að semja átti kjörskrá fyrir kjörskrár-árið 1934—35, sá oddvitinn enn um samninguna. Þrátt fyrir það, þó engum mótmælum hefði verið hreyft gegn því, að þeir Hálfðán og Eggert væru á kjörskrá 1933, þá var oddvitinn enn jafnt í óvissu með það, hvort þeir ættu að vera þar eða ekki. Hann tók því það ráð að spyrja þá báða, hvort þeir hefðu í förum sínum nokkur gögn, er sannað gætu, að þeir ættu að vera á kjörskrá. Hjá Hálfðáni fær hann engin svör þar að lútandi, en um Eggert fréttir hann, að honum hafi verið veitt bifreiðarstjóraskirteini eftir upp-kvaðningu hæstaréttardómsins. Áleit oddvitinn þá, að líkur væru færðar fyrir því, að Eggert hefði óflekkað mannorð og setti hann því á kjörskrána, en þar sem engin gögn höfðu fengizt, er oddvitinn taldi benda til þess, að Hálf-dán hefði óflekkað mannorð, var nafn hans ekki tekið á skrána. Var þannig gengið frá skránni, hún undirrituð af Ingimar Bjarnasyni, Einari Steindórssyni og Sigurjóni Jóns-syni og síðar lögð fram almenningi til sýnis.

Er kjörskrá þessi hafði legið frammi, höfðu hrepps-nefndinni borizt nokkrar kærur út af henni og voru þær teknar fyrir á fundi hreppsnefndar 3. júní 1934. Meðal þeirra var kæra frá ákærðum Einari Steindórssyni um það, að nafn Hálfðánar Hálfðánarsonar hefði fallið niður af kjörskránni, og krafðist hann þess, að það yrði sett á skrána.

Þar sem aðeins voru mættir fjórir hreppsnefndarmenn

á fundinum, var frestað að taka ákvörðun um þetta, þar til 6. júní s. á. Á fundinum 6. júní mættu þó ekki, þrátt fyrir ítrekuð fundarboð, aðrir en þeir, er voru á fundinum 3. júní, nefnilega Ingimar Bjarnason, Einar Steindórsson, Sigurjón Jónsson og Kristján Jónsson. Var að umræðum loknum gengið til atkvæða út af kæru Einars, og greiddu atkvæði með því, að hann yrði tekinn á kjörskrá, þeir Einar Steindórsson, Sigurjón Jónsson og Kristján Jónsson. Á móti greiddi atkvæði Ingimar Bjarnason. Var því úrskurðað, að nafn Hálfðánar skyldi sett á kjörskrána, og var það þá gert, og skrifuðu hinir mættu hreppsnefndarmenn undir kjörskrána þannig.

Þar sem ákæran í máli þessu byggist á því, að hinir ákærðu hreppsnefndarmenn að ólögum hafi sett nöfn þeirra Hálfðánar og Eggerts á kjörskrá til alþingiskosninga hin greindu ár, þar sem þeir ekki hafi óflekkað mannorð, ber að athuga, hvort svo hafi verið og hvort hinir ákærðu með þessu atferli sínu hafi brotið skyldur þær, er þeim sem hreppsnefndarmönnum eru lagðar á herðar, þannig að saknæmt sé.

Samkvæmt islenzkum lögum er aðeins til ein skilgreining á hugtakinu „óflekkað mannorð“ og er hana að finna í lögum um kosningar til alþingis nr. 18 frá 1934, 2. gr., sem segir: „Enginn telst hafa óflekkað mannorð, sem er sekur eftir dómi um verk, sem er svivirðilegt að almenningsáliti, nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar“. Samskonar ákvæði hefir verið í áður gildandi kosningalögum, t. d. lögum nr. 28 frá 1915 og einnig eldri kosningalögum. Ákvæði þetta, sem mun vera skýring á stjórnarskránni, hvað þetta atriði snertir, segir því beint, að einungis beri að líta á verkið eða verknaðinn sjálfan án til-lits til refsingar, er hann kann að hafa leitt af sér. Þegar meta skal, hvort ákveðinn verknaður hafi í för með sér mannorðsmissi, er sagt, að til þess að svo sé, þurfi hann að vera „svivirðilegur að almenningsáliti“. Engar frekari leiðbeiningar eru gefnar og má segja, að þessi „skýring“ almenna löggjafans á stjórnarskránni sé nokkuð út í hött, þar sem vitnað er til heimildar, almenningsálitsins, sem bæði er mjög breytilegt og í mörgum tilfellum ómögulegt fyrir einn dómstól að kynnast eða vita hver sé.

Í framkvæmdinni hefir þetta þó verið þannig, að allir

eru sammála um, að sumir ákveðnir verknaðir hafi mann-orðsmissi í för með sér og eins um aðra verknaði, þótt réttarbrot séu og refsað sé fyrir, að þeir, sem þá fremja, hafi eftir sem áður óflekkað mannorð.

Í tilfellum, þar sem ekki er til yfirlýstur almenningsvilji eða dómvenja sköpuð, virðist mega álykta, að ef þeir verknaðir eru öldungis samkynja eða mjög svipaðir þeim, sem venjan er til um og vissa er fyrir um, þá skuli þeir lúta sömu lögum.

Verknaður sá, er þeir Hálfván Hálfvánarson og Eggert Halldórsson voru dæmdir fyrir að hafa framið, var fölsun á atkvæðum við alþingiskosningar. Brot Hálfvánar á þá-gildandi kosningarlögum virðist samkvæmt þeim meginreglum, er a. m. k. þar til brotið var framið, voru álitnar gildandi, naumast hafa í för með sér mannorðsmissi.

Í 150. gr. kosningarlaganna nr. 18. frá 1934 er sagt, að verknaður slíkur, sem þeir Hálfván og Eggert voru dæmdir fyrir, varði missi kosningarréttar. Ákvæði þetta hefir ekki verið beint orðað í kosningalögunum eða öðrum lögum áður og sé það ekki stjórnarskrárbrot, virðist ekki önnur leið fær en að álíta, að almenni löggjafinn meini með því að gefa nokkurskonar „authentíska“ skýringu í þá átt, að verknaðir sem slíkir skuli álitast svívirðilegir að almenningsáliti. Sé svo, að ákvæði þetta breyti áður gildandi lögum eða skýringum á þeim, þá virðist það þó ekki skera úr í þessu tilfelli, því hafi þeir Hálfván og Eggert fram til gildistöku laganna nr. 18, frá 1934 haft kosningarrétt, eftir að þeir voru dæmdir, þá verkar áminnzt ákvæði sem ný lög, sem hæpið er að hafi það gildi aftur fyrir sig, að þau geti sett ný viðurlög við verknaði, frömdum löngu fyrir gildistöku þeirra, eða yfirleitt haft áhrif á afleiðingar af slíkum verknaði.

Báðir voru þeir Hálfván og Eggert dæmdir fyrir brot gegn 114. gr. 2. mgr. alm. hegningarlaga, og er því að athuga, hvort brot gegn þeirri grein sé svívirðilegt að almenningsáliti. Grein þessi er í 12. kapitula hinna almennu hegningarlaga: Um brot á móti valdstjórninni og allsherjarreglu. Nú hefir það verið nokkurnvegin sameiginlegt álit fræðimanna, dómstóla og umboðsstjórnar, að afbrot á móti valdstjórninni yfirleitt séu ekki svívirðileg að almenningsáliti, og veit rétturinn ekki til, að það hafi

breytt. Jafnvel alþingi það, er nú situr, hefir ákveðið látið skilning sinn ljósi á atriði þessu, þar sem þar á sæti alþingismaður, er dæmdur hefir verið fyrir afbrot á móti valdstjórninni, og hefir engum dottið í hug að hrófla við umboði hans þessvegna. Nú er að athuga, hvort afbrot það, er þeir Hálf dán og Eggert voru dæmdir fyrir, sé annars eðlis en önnur afbrot á móti valdstjórninni, þar sem um fals var að ræða. Samkvæmt íslenskum lögum er það þó ekki, og þó nafnið sé hið sama, á það ekkert skylt við afbrot á móti 27. kapitula hegningarlaganna: Um peningafals, um að skrifa eftir skjölum eða falsa þau og um annað fals. Hin lögvernduðu réttargæði, sem skert eru með atkvæðafölsun, eru allt önnur en þau, sem varin eru með 27. kapitula hinna almennu hegningarlaga.

Samkvæmt stjórnarskránni greinist ríkisvaldið í þrennt: löggjafarvald, dómvald og framkvæmdarvald. Kjósandi, sem neytir kosningarréttar síns við venjulegar kosningar til alþingis, er einn hluti ríkisvaldsins. Til löggjafarvaldsins getur hann naumast talizt, því hann er einmitt að kjósa löggjafana, til dómvaldsins enn síður, og hlýtur hann því að vera einn liður framkvæmdarvaldsins. Afbrot, framíð gegn kjósanda í því tilfelli, er því afbrot gegn þeim lið framkvæmdarvaldsins í landinu, og er vald það einmitt varið með 12. kapitula hinna almennu hegningarlaga. Það verður vart séð, að afbrot gegn þessum hluta framkvæmdarvaldsins sé svívirðilegra en afbrot gegn öðrum hluta þess eða að sá eðlismunur sé á slíku afbroti og öðrum afbrotum gegn framkvæmdarvaldinu, að það heimili að álíta, að það lúti ekki sömu lögum og önnur brot gegn valdstjórninni, sem að samróma áliti fræðimanna, dómstóla, umboðsstjórnar og alþingis eru ekki svívirðileg að almenningsáliti. Um áhrif 150. gr. kosningalaganna nr. 18, frá 1934 á niðurstöðu þessa vísast til áður sagðs, og sé það rétt, er hér hefir verið tekið fram, þá virðist gildi þess ákvæðis fremur hæpið.

Það er ljóst, að hvernig svo sem á þetta verður litið, hvort verk þeirra Hálf dánar og Eggerts er svívirðilegt að almenningsáliti eða ekki, þá er úrskurður um það vanda-mál, sem ekki hefir réttinum vitanlega áður sætt úrlausnum dómstólanna. Til hreppsnefndarmanna yfirleitt, og þá einnig hinna ákærðu í máli þessu, verður ekki gjörð hærri

krafa, er þeir gegna skyldustörfum sínum, en að þeir fari að sem bonus paterfamilias. Það er því eigi saknæmt, þótt endanleg niðurstaða hjá þeim e. t. v. ekki reynist rétt, ef þeir að öðru leyti hafa hagað framkvæmd sinni sem góðum og skynsömum mönnum bar. Í máli þessu hefir ekkert það komið fram, er bendi til þess, að þeir af ásetningi hafi breytt öðruvísi en eftir beztu þekkingu og samvizku og á það ekki sízt við þá, er beinlinis stuðluðu að því, að þeir Hálf dán og Eggert voru settir á kjörskrárnar. Eftir því sem bezt hefir orðið upplýst, voru nöfn þeirra sett á kjörskrána án atbeina nokkurs manns utan hreppsnefndar eða ákveðins stjórn málaflokks, enda sumir hinna ákærðu af öðrum stjórn málaflökki en þeir Hálf dán og Eggert. Einn hinna ákærðu segir, að ástæðan til þess, að þeir voru settir á kjörskrá 1933, hafi verið „leit eftir almenningssálitinu“, og virðist svipað hafa vakað fyrir þeim öllum, enda hægur vandi að kæra út af skránni, ef einhverjum hefði sýnt svo. Að nafn Hálf dánar Hálf dánarsonar var tekið inn á kjörskrá 1934, þannig að praktískt talað var ógerningur að koma því út þaðan aftur, hefir eftir atvikum verið gerð nægileg grein fyrir. Kærandinn, sem var ákærður Einar Steindórsson, áleit í fyrstu, að nafn Hálf dánar hefði fallið niður af vangá, og vildi því með kærunni bæta það upp, enda ekki gera upp á milli þeirra Hálf dánar og Eggerts. Önnur leið til að bæta fyrir þenna misgáning, að hans álit, en að kæra hann inn á skrána, var ekki til. Og þeir, er greiddu atkvæði á hreppsnefndarfundi 6. júní 1934 með því, að nafn Hálf dánar yrði tekið á kjörskrána, gerðu í rauninni ekki annað en að lýsa því yfir, að álit þeirra á því, hvort hann ætti að vera þar eða ekki, hefði ekki breytt frá því árinu áður. Einnig verður það að teljast eðlilegt, að við úrskurðun á kærunni á fundinum hafi verið tekið tillit til þess og e. t. v. álit, sem óbeint yfirlýstur almenningssvilji, að nöfn Hálf dánar og Eggerts höfðu árið áður staðið á kjörskránni án þess að nokkur sendi kæru út af því. Bifreiðarstjóraskirteini Eggerts er engin sönnun þess, að hann hafi kosningarrétt og gerir það út af fyrir sig enga breytingu eða gefur bendingu í þá átt, að ekki eigi það sama yfir Hálf dán og hann að ganga, hvað þetta mál snertir.

Það verður því að telja, að hinir ákærðu með því að

setja nöfn þeirra Hálfðánar Hálfðánarsonar og Eggerts Halldórssonar á kjörskrá Eyrarhrepps árið 1933 og 1934 ekki hafi hagað sér á annan hátt en góðum og skynsömum mönnum bar og að þeir hafi ekki af ásetningi eða víta-verðu gáleysi með framferði sínu brotið lög. Ekki er heimilt að gera þá kröfu til hreppsnefndarmanna, að úrskurðir þeirra í máli, sem mikla sérþekkingu þarf til að úrskurða og jafnvel sérfræðinga greinir á um, séu þeir einu réttu, og er ekki unnt að láta þá sæta ábyrgð, þó úrskurðurinn e. t. v. ekki reynist réttur, frekar en t. d. dómara, sem eftir beztu samvizku dæmir mál, en svo dómi hans hrundið í æðra rétti.

Sé það rétt, að Hálfðán Hálfðánarson og Eggert Halldórsson hafi haft kosningarrétt árið 1933 og 1934, ber að sjálfsgöðu að sýkna hina ákærðu af kæru fyrir að hafa stuðlað að því, að nöfn þeirra væru sett á kjörskrá, en hafi þeir hinsvegar ekki haft kosningarrétt, ber einnig að sama brunni með úrslit máls þessa, með því að ekki er sýnt, að hinir ákærðu hafi farið að öðruvísi en bonus paterfamilias. Að visu má e. t. v. segja, að ákærðir Hannes Kjartansson og Guðmundur Einar Einarsson hafi sýnt af sér nokkra vanrækslu í starfi sínu sem hreppsnefndarmenn, en eftir atvikum þykir þó eigi ástæða til að refsa þeim fyrir það. Niðurstaðan verður því sú, að hina ákærðu ber að sýkna af kærur réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að allur kostnaður sakarinnar greiðist úr rikissjóði, þar með talin málsvarnarlaun hins skipaða talsmanns, cand. jur. Auðar Auðuns, er þykir hæfilega ákveðin með kr. 90.00.

Mál þetta hefir verið löglega rekið og á því hefir enginn ónauðsynlegur dráttur orðið.
